

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1980

18. janúar 1980.

1

Nr. 1.

L Ö G

um greiðslu opinberra gjalda fyrir hluta ársins 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á fyrri hluta ársins 1980 skal innheimta fyrirfram til ríkissjóðs upp í væntanleg þinggjöld hvers gjaldanda 65% af þinggjöldum þeim sem honum bar að greiða á árinu 1979. Skal fyrirframgreiðslan falla í gjalddaga með fimm jöfnum fjárhæðum hinn 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní 1980.

Af hjónum, sem samsköttuð voru á árinu 1979, skal innheimta sameiginlega fyrirframgreiðslu miðað við skatta þá er á þau voru lagðir sameiginlega á árinu 1979, og bera hjónin samábyrgð á þeirri greiðslu. Skal fyrirframgreiðsla þessi ganga til greiðslu á þinggjöldum er á hjónin hvort um sig kunna að verða lögð á árinu 1980 í sömu hlutföllum og verða milli heildarþinggjalda þeirra á árinu. Dráttarvextir, er á kunna að falla vegna vanskila á sameiginlegri fyrirframgreiðslu hjóna skv. lögum þessum, skulu eftir álagningu skiptast milli hjóna í sömu hlutföllum.

2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að tilkynna viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs um þá launþega er þeir greiða kaup og skal þeim skylt að halda eftir af kaupi þeirra til lúkningar fyrirframgreiðslu. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupi launþega, ber sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

3. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Taka má gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslum hans.

4. gr.

Sveitarstjórnnum skal heimilt á árinu 1980 að innheimta fyrirfram til greiðslu upp í útsvar allt að 70% af útsvari fyrra árs.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. um sameiginlega fyrirframgreiðslu hjóna á þinggjöldum skulu einnig eiga við um útsvör eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. nr. 8/1972 með síðari breytingum um innheimtu útsvara.

A 1

Þar sem innheimta ríkis og sveitarfélaga er sameiginleg getur fjármálaráðherra með reglugerð ákveðið fyrirframgreiðsluna innan þeirra marka, er um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af hlutfalli milli útsvara og þinggjalda í viðkomandi umdæmi árið 1979.

5. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessum lögum, þ. á m. um lækkun fyrirframgreiðsluskyldu hafi tekjur gjaldanda lækkað að mun milli ára eða ef ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 18. janúar 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.